

Staðfesting skipulagsskrár fyrir minningarsjóðinn „Vinaminni“, 67
 útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 30. júní
 herra 30. júní 1930. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningagjafasjóðsins „Vinaminning“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Vinaminning“.

2. gr.

Hann er stofnaður af frk. Önnu Friðriksdóttur frá Ytri-Bakka, nú á Hólatorgi 6, Reykjavík, til minningar um föður hennar Friðrik sál. Jónsson (f. 13. júní 1829. — d. 15. maí 1902), útvegsbónda á Ytri-Bakka og konu hans Hansínu Hansdóttur, fædd Hjaltalín (f. 30. júní 1830. — d. 7. júní 1909), í tilefni af aldarafmæli þeirra hjóna; svo og aðra látna vini gefandans. Heimilt er öllum að styrkja sjóð þennan með minningagjöfum um látna vini sína, gjöfum, áheimum eða á hvern þann hátt er þeim sýnist, enda fylgi engin ákvæði þeim gjöfum, er komi í bág við skipulagsskrá þessa. Verður sjóðurinn þá jafnframt til minningar um vini þeirra og vandamenn, þá er þeir kynnu að tilnefna í sambandi við gjafirnar.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur og ekkjumenn, gamalmenni og börn í Arnarnesshreppi.

Ef ekki telst þörf að veita styrk úr sjóðnum til þeirra aðilja, sem nú eru nefndir, má veita $\frac{4}{5}$ vaxtanna til að styrkja fátæka efnilega unglinga úr Arnarnesshreppi til náms.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði Arnarneshrepps eða öðrum jafntryggum sjóði.

5. gr.

Heimilt er að verja fé úr sjóðnum, samkv. 3. gr., þegar féð hefir staðið á vöxtum í heilt ár. Nær þetta þó aðeins til $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna, enda má ekki öðru úthluta úr sjóðnum. $\frac{1}{5}$ hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða, sama gildir um það, sem sjóðnum kann að áskotnast, samanber þó 7. gr.

Ef ekki telst þörf að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár samkvæmt 3. gr. má verja allt að $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna til að verðlauna ungmenni, sem get-

67 ið hafa sér góðan orðstir með háttprýði í hvivetna, reglusemi, iðjusemi og 30. júní trúmennsku við dagleg störf.

6. gr.

Sjóði þessum stjórna: Sóknarprestur Möðruvallaklausturprestakalls (og skal hann ávallt vera formaður sjóðsstjórnarinnar), hreppstjóri Arnarnesshrepps, einn úr hreppsnefnd Arnarnesshrepps, sá er hreppsnefndin kys til þess starfa, svo og tvær konur búsettar í Arnarneshreppi, kosnar af kvenfélaginu „Freyja“. Leggist það félag niður skulu þær allt að einu valdar af konum í Arnarnesshreppi, þeim sem atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Störf stjórnarinnar verða:

- a) Að sjá um að sjóðurinn sé ávallt geymdur á tryggum stað.
- b) Að stuðla að því að sjóðurinn verði styrktur með því að kynna hrepps-
búum efni skipulagsskrárinnar, ekki sjaldnar en 10. hvert ár.
- c) Að leitast við að láta þá sitja fyrir styrkveitingu úr sjóðnum, sem ætla má
að hafi hans mest og bezt not.
- d) Að skrá í bók reikninga sjóðsins, ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar og annað
það, er viðkemur sjóði þessum.
- e) Að annast um að skipulagsskrá þessari verði framfylgt.

Reikningar sjóðsins skulu birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðað-
ir af endurskoðanda hreppsreikninganna. Reikningsár sjóðsins er almanaks-
árið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyrr en árið 2029. Þá má auka starfssvið sjóðsins og jafnvel breyta að nokkru fyrirkomulagi hans, ef breytt-
ir timar gera ónauðsynlega hjálp til þeirra, sem sjóðurinn á samkvæmt upp-
haflegum tilgangi að styrkja. Þetta má þó aðeins gerast eftir tillögum þáver-
andi sjóðsstjórnar, enda séu þær tillögur samþykktar á hreppsfundi í Arnar-
nesshreppi af meiri hluta atkvæðisbærra hreppsbúa.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Ytri Bakka, 13. júní 1929.

Anna Friðriksdóttir.